

Skipulag

Fundarboðandi:	Viktor S. Pálsson	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þorvaldur Þórðarson	Dagsetning:	15. maí 2024
Fundarritari:	Viktor S. Pálsson	Fundartími:	13:00 – 15:00
Þátttakendur:	Þorvaldur Þórðarson (yfirdýralæknir, formaður fagráðs) Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýrverndarsamband Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ), Hilmar Vilberg Guðjónsson (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Sigríður Björnsdóttir (sérgreinadýralæknir hrossasjúkdóma).		

Dagskrá

1. Hreindýraveiðar, erindi frá Ole Anton/Jarðarvinum.

Hálf dán Helgi Helgason og Kristín Ágústsdóttir starfsmenn Náttúrustofu Austurlands komu á fund fagráðsins til að ræða sjónarmið varðandi veiðar á hreindýrum frá mjólkandi kálfum.

Hálf dán og Kristín fóru yfir skýrslu Náttúrustofu Austurlands (Frumathugun á vetrarafkomu íslenskra hreindýra, höfundar Skarphéðinn G. Þórisson, Rán Þórarinsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, útgefin í nóvember 2019) ræddu niðurstöður hennar og svöruðu fyrirspurnum frá fagráðsmönnum. Frá útgáfu skýrslunnar hafa frekari rannsóknir eða heimildir ekki bæst við sem breyta niðurstöðum skýrslunnar.

Ákveðið var að óska eftir því við Umhverfisstofnun að fá fulltrúa stofnunarinnar til að koma á fund fagráðsins til að ræða aðstöðu hennar til málsins.

2. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

- a. Vistfræðirannsóknir á íslenskum varpfuglum. Um er að ræða nokkur rannsóknaverkefni sem mörg hver hafa verið meðal verkefna Náttúrustofu Norðausturlands um um nokkurra ára skeið nú þegar. Snúa þau flest að farhátum fugla og dreifingu utan varptímans en upplýsingum um ferðir fuglanna er safnað með svokölluðum dægurritum (e. geolocator). Á varptíma hefur upplýsingum um ferðir fugla verið safnað með því að setja á þá GPS gagnarita. Samhliða þessum rannsóknum er safnað upplýsingum um fæðuval með því að taka sýni til greininga á stöðugum samsætum (í blóði og fjöðrum), magn kvikasilfurs (í blóði og fjöðrum) og styrk PAH efna (blóð og fjaðrir). Einnig hefur bæði blóð og fjaðrir verið notað til að kyngreina fugla.

Fyrir fundinum lá mat Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis hjá Matvælastofnun á umsókninni.

Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

Fagráð veitir jákvæða umsögn.

- b. Whale satellite tagging. This project will help revealing the migration routes, breeding areas, distribution patterns, and general habitat use of large fast swimming whale species in

Icelandic waters, with a special focus on minke whales. Despite being the most abundant of the baleen whales in the North Atlantic this critical information is lacking for minke whales. Since these species have been hard to successfully tag with existing tag designs a new tag (MINTAG) for fast swimming cetaceans is being developed. The project is a collaboration between the NAMMCO countries (Greenland, Norway, Faroe Islands and Iceland) and Japan. Test tagging has been carried out in Greenland, Japan and Norway during 2023.

Fyrir fundinum lá mat Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis hjá Matvælastofnun á umsókninni.

Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

Fagrað veitir jákvæða umsögn.

- c. **Mótefnaþælingar gegn Clostridium perfringens í bólusettingum á m. Á haustin er þorri ásetningslamba grunnbólusettur gegn sjúkdómum af völdum ýmissa tegunda Clostridium baktería og svo árlega fyrir burð eftir það. Í dag eru fjórar tegundir bóluefna á íslenska markaðnum, þrjú sem eru framleidd erlendis og eitt innanlands. Þrátt fyrir bólusetningu hefur orðið vart við að sýkingar og lambadauða þar sem grunur er að stofnar C. perfringens séu orsakavaldurinn Kannað veður magn mótefna gegn beta og epsilon toxínum Clostridium perfringens í sermi hjá ásetningsgimbrum og lambfullum á m.**

Fyrir fundinum lá mat Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis hjá Matvælastofnun á umsókninni.

Fagrað veitir jákvæða umsögn.

- d. **Generation of a zebrafish xenograft model for human bone cancers. Xenografts are useful tools for studying the pathophysiology of human cancer cells in vivo by engrafting the cells onto a non-human animal model. Typically, rodents such as mice or rats are used for this assay, however, zebrafish are a more cost-effective and high-throughput model organism that the European Union recognizes as more ethical replacement for rodents in research. In this study we will establish a protocol for xenografting human bone cancer cells into zebrafish embryos. Briefly, fluorescently labeled human cancer cells will be cultured and then microinjected into 2-to-3-day old zebrafish embryos. The growth and metastasis of the cancer cells will be tracked by fluorescent imaging over time. Xenografted zebrafish will be treated with either a hedgehog pathway activator or inhibitor to see if growth or metastasis is affected.**

Fyrir fundinum lá mat Sigríðar Björnsdóttur dýralæknis hjá Matvælastofnun á umsókninni.

Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

Fagrað veitir jákvæða umsögn fyrir leyfi að hámarki 260 dýrum.

3. Áverkar á keppnishrossum.

Málinu frestað til næsta fundar, en verður unnið af nefndarmönnum í millitíðinni.

Sigríður Björnsdóttir vék að fundi að lokinni afgreiðslu þessa fundarliðar.

4. Blóðmerahald.

Málinu frestað til næsta fundar.

5. Afföll í fiskeldi.

Á undanförunum árum hefur orðið stórkostleg aukning á framleiðslu laxa í sjókvíum við strendur Íslands. Á aprílfundi sínum á síðasta ári hóf fagráð um velferð dýra umræðu um dýravelferðarmál í ljósi þessarar auknu framleiðslu þar sem meðal annars sérfræðingar MAST í lagareldi komu fyrir ráðið. Í umræðunum á fundinum kom í ljós mikill vilji fundargesta til þess finna lausnir á miklum afföllum laxfiska í eldinu sem allir voru sammála um að væri stærsta dýravelferðarmál greinarinnar. Um leið var því fagnað að gagnsæi hefur aukist umtalsvert og framleiðslugreinin gengist undir ítarlegar kröfur um upplýsingagjöf.

Ljóst er að árið 2023 endaði ekki mikið betur hvað afföll varðar heldur en árið 2022. Mikil umræða um lagareldi hefur verið í samfélaginu undanfarnar vikur eftir að drög voru lögð fram um breytt lagaumhverfi. Varla hefur þó verið minnst á velferð fiskanna og hvernig drögin taka á dýravelferðarsjónarmiðum. Fagráðið varar við að sá hugsunarháttur nái að skjóta rótum á Íslandi að velferð fiska skipti takmörkuðu máli þegar kemur að lagareldi. Fagráð um velferð dýra óskar eftir því að fram fari á vegum MAST og Matvælaráðuneytisins mun ítarlegri umræða þegar í stað um hvers konar afföll séu í raun ásættanleg í sjókvíaeldi. Þá verði að fara fram greining á vísindalegum gögnum um hvort slík ásættanleg afföll séu raunhæf við íslenskar aðstæður og hvort greinin eigi sér þá raunverulega framtíð.

Þorvaldur Þórðarson vék af fundi að lokinni afgreiðslu þessa fundarliðar.

Hilmar Vilberg Gylfason óskaði að bókað yrði að hann gæti ekki tekið undir eftirfarandi setningu í ályktuninni „....og hvort greinin eigi sér þá raunverulega framtíð.“

6. Erindi frá Dýraverndarsambands Íslands til yfirvalda að bjarga dýrum í sárri neyð.

Málið var tekið fyrir og afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:06. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður miðvikudaginn 12. júní 2024 kl. 13.00.

Fundargerðin hefur verið samþykkt af hálfu fundarmanna.